



AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS

Hlutverk og verklag skipulagshóps

Maí 2017


1 Inngangur

Hér er fjallað um hlutverk og verklag skipulagshóps sem starfar vegna vinnu við heildarendurskoðun Aðalskipulags Súdavíkurhrepps 1999-2018. Aðalskipulagið tekur til alls lands sveitarfélagsins og er nánar fjallað um fyrirhugaða vinnu þess í skipulags- og matslýsingu sem auglýst var í mars 2017. Nánari upplýsingar um vinnuna er einnig að finna á vefsíðu Súdavíkurhrepps (sudavik.is). Þar er m.a. sérstakt vefsvæði með gögnum fyrir meðlimi hópsins.

Tilgangurinn með stofnun skipulagshópsins er að eiga gott og víðtækt samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila við gerð gerð aðalskipulagsins. Fulltrúar í skipulagshópnum verða talsmenn ákveðinna félaga eða hópa sem hafa sameiginlega hagsmuni. Verklagið mun leiða til þess að auðveldara verður að afla upplýsinga og greina helstu hagsmunaárekstra og vandamál.

2 Hlutverk skipulagshóps

Skipulagshópurinn er skipaður hagsmunaaðilum, íbúum og fulltrúum sveitarfélagsins. Hópnun er ætlað að taka þátt í vinnu við endurskoðun aðalskipulags Súðavíkurhrepps. Til grundvallar er skipulags- og matslýsing sem samþykkt var í mars 2017, en þar er m.a. fjallað um viðfangsefni, áherslur, kynningu, samvinnu, umhverfismat og skipulagsferlið.



Áherslur í aðalskipulagsvinnunni

Fyrsti fundur skipulagshóps verður haldinn í Súðavík þann 22. maí. Í framhaldinu fá fulltrúar hans ákveðið verkefni til úrlausnar. Jafnframt munu skipulagsráðgjafar hitta einstaklinga úr hópnun til upplýsingaöflunar og til að hægt verði að móta stefnu um viðfangsefni skipulagsins. Hópurinn allur hittist svo aftur í haust.

Gert er ráð fyrir að meðlimir í skipulagshópnum muni staðfesta þátttöku sína í skipulagsvinnunni með undirritun sinni í greinargerð aðalskipulagsins þegar tillaga að skipulaginu liggur fyrir. Með undirrituninni staðfesta fulltrúarnir að þeir séu sammála þeirri meginstefnu sem sett er fram í aðalskipulaginu. Ágreiningur getur þó verið um afmarkaða þætti þess. Fulltrúarnir bera ekki ábyrgð á aðalskipulaginu, að hluta eða í heild, enda er það á forræði hreppsnefndar Súðavíkurhrepps, sbr. skipulagslög nr. 123/2010.

3 Gögn og forsendur

Lögð verða fram ýmis gögn fyrir skipulagshópinn sem taka þarf til skoðunar við ákvarðanatöku í skipulagsvinnunni. Þar á meðal eru upplýsingar um samfélag og staðhætti en einnig gildandi áætlanir. Gögnin verða aðgengileg á vefsíðu Súðavíkurhrepps (sudavik.is), undir svæðinu gögn fyrir skipulagshóp.

4 Verklag skipulagshóps

4.1 Samtal og sameiginleg niðurstaða

Búast má við mismunandi sjónarmiðum og viðhorfum innan skipulagshópsins. Áhersla verður lögð á að hópurinn komist að sameiginlegri niðurstöðu, bæði hvað varðar heildarstefnumörkun en einnig í einstökum málum eða þemum. Þannig verður mun líklegra en ella að almenn sátt ríki um skipulagið og því verði framfylgt.

Þátttakendur skulu hafa eftirfarandi í huga:

- Þátttakendur í skipulagshópnum eru fulltrúar þeirra hagsmuna og félaga sem þeir standa fyrir og ber að hafa hag þeirra að leiðarljósi.
- Hagsmunir heildarinnar eru mikilvægari en hagsmunir einstaklinga.
- Aðila getur greint á um einstök atriði í tillögum skipulagshóps þrátt fyrir að allir aðilar hafi fallist á að samþykkja aðalskipulagið í heild sinni.
- Skoða ber kosti og galla mismunandi skipulagslausna.
- Andstöðu við sameiginlega niðurstöðu þarf að fylgja rökstuðningur og skýring á því hvernig tillagan hefur afgerandi neikvæð áhrif á hagsmuni þeirra.
- Í sameiginlegri niðurstöðu getur falist hlutleysi aðila.
- Í niðurstöðu verður hægt að tilgreina þau atriði sem ágreiningur er um innan hópsins.

4.2 Ábyrgð

Fulltrúar í skipulagshópi eru í öllum tilvikum fulltrúar fyrir ákveðinn eða ákveðna hópa og ber þeim að standa vörð um sjónarmið og hagsmuni þeirra. Fulltrúarnir þurfa því að vera í góðu sambandi við sinn hóp eða sitt félag, virkja umræðu þar og miðla upplýsingum. Mikilvæg gögn eru aðgengileg á heimasíðu verkefnisins; sudavik.is. Áhersla er lögð á viðveru fulltrúa á vinnufundum og ber fulltrúi ábyrgð á að varamaður mæti geti hann ekki sjálfur mætt. Til að tryggja skilvirkni, árangur og réttlæti á fundum skipulagshópsins skulu þátttakendur leitast við að:

- Koma fram af kurteisi og virðingu við alla viðstadda
- Gæta fyllsta trúnaðar eftir því sem við á
- Gæta þess að þátttakendur hafi jöfn tækifæri til að tjá sig
- Tala á skýran og skilvirkan hátt

5 Þátttaka

5.1 Samsetning skipulagshóps

Hagsmunaaðilar eru skilgreindir sem þeir aðilar sem geta haft áhrif á eða geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmd skipulagsins. Skipan skipulagshóps byggir m.a. á viðbrögðum einstaklinga, félagasamtaka og hópa á undirbúningstíma aðalskipulagsins og kynningartíma lýsingarinnar. Áhersla er lögð á að sem víðtækust sjónarmið rúmist innan hópsins en jafnframt verður að takmarka stærð hans svo starfshæfni hans verði góð en fulltrúarnir eru málsvavar fjölda manna og sjónarmiða. Þeir eru eftirfarandi:

Skipulagshópur

Ferðaþjónusta	Sumarhúsa eigendur og landeigendur	Íþróttir
Landbúnaður	Gamla byggðin í Súðavík	Náttúruvernd
Sjávarútvegur Smábátar	Íbúar: Aðgengi og útivist	Hlunnindanýting
Sjávarútvegur Stærri útgerðir	Íbúar - ungmenni	Ísafjarðarbær - landeigandi

5.2 Kostnaður

Gert er ráð fyrir að þátttakendur og þau félög sem þeir standa fyrir greiði þann kostnað sem til kann að falla vegna fundarhalds í verkefninu, s.s. ferðakostnað. Ekki verður greitt fyrir þá vinnu sem fulltrúarnir inna af hendi.

5.3 Samskipti

Efni til skipulagshópsins verður miðlað á heimasíðu verkefnisins: sudavik.is. Fulltrúum skipulagshópsins er ætlað að fylgjast með og miðla þessum upplýsingum innan síns hóps eða félags. Önnur samskipti verða að mestu leyti með tölvupósti.

6 Áætlun

Gert er ráð fyrir virkri þátttöku fulltrúa hagsmunaaðila í verkefninu á tímabilinu maí 2017-apríl 2018. Þá tekur við samþykktarferli. Áætlað er að vinnu við verkefnið ljúki í júní 2018.

Fjöldi funda skipulagshópsins ræðst m.a. af ágreiningi og áhuga innan hópsins. Gert er ráð fyrir eftirfarandi fundum en gera má ráð fyrir að þessi áætlun taki breytingum eftir því sem fram vindur.

Fundir skipulagshóps

Upphafsfundur	22. maí 2017	Kynning á skipulagshópi og fyrirhugaðri vinnu hans. Verklag samþykkt. Upplýsingaöflun og umræður um valin málefni.
Vinnufundur í smærri hópum	Júní og ágúst 2017 Ekki dagsett	Skipulagsráðgjafar hitta valda fulltrúa í skipulagshópi á vinnufundum.
Stefnumörkun	19. september 2017	Drög að stefnumörkun til umræðu
Stefnumörkun	14. nóvember 2017	Stefnumörkun, uppfærsla

Frágangur og gengið frá lausum endum	13. febrúar 2018	Frágangur og samþykki skipulagshóps
Undirskrift	Maí 2018	Undirskrift skipulagshóps

7 Vinnuhópar vegna rammaskipulags

Settir verða á fót tveir vinnuhópar vegna rammaskipulags, annars vegar vegna gömlu byggðarinnar í Súðavík og hins vegar vegna Reykjaness. Rammaskipulag felur í sér að mörkuð verður ítarlegri stefna um fyrrnefnd svæði.